

Uppsetning á Halo

Halo:

1. Halo myndakassinn er mjög einfaldur í notkun og auðvelt er að setja hann upp. **Stinga þarf kassanum í samband við rafmagn**, festa hann á standinn sem fylgir með og muna að **kveikja á ljósinu** (snúningsrofi undir kassanum eða á hliðinni). **Það er öruggara að hafa fjöltengi til staðar þegar myndakassinn er notaður.**

Það fylgir einnig standur með bakgrunninum sem auðvelt er að setja upp, gott er að miða við tvo metra frá myndakassa.

2. Við erum búin að búa til og setja upp viðburð í **appinu Snappic** sem notað er til þess að taka myndirnar. Ef að forritið lokast eða ef að þið dettið út úr viðburðinum er mikilvægt að opna rétt app sem er Snappic (**svartur hnappur með hvítum hring**) og **velja viðburðinn sem er merktur þínu nafni.**

3. **Það er mjög mikilvægt að hafa myndakassann og ljósið í sambandi við rafmagn allan tímann.**

4. Eftir helgina verður sendur hlekkur á ykkur þar sem þið getið nálgast afrit af öllum myndunum ykkar. **Það getur tekið þrjá virka daga að fá myndirnar sendar eftir að búnaði er skilað.**

5. Ef að upp koma vandamál er mikilvægt að **hringja strax í Rent A Party** og fá aðstoð!

6. Við metum það til mikils ef að búnaðinn er hafður í sambandi við rafmagn þar til myndakassanum er skilað svo að myndakassinn sé ekki batteríslaus við skil til okkar :-)

Sími: 546-0210 og velja að fá samband við neyðarvakt